



Verðbólgan hefur ekki mælst hærri síðan í október 2009

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,4% milli mánaða í júní og hækkaði ársverðbólgan í 8,8% úr 7,6%. Verðbólgan hefur ekki mælst hærri síðan í október 2009. Við teljum að verðbólgan muni ná hámarki í ágúst næstkomandi og verði þá um 9,5%. Upp frá því gerum við ráð fyrir hægri hjöðnun hennar.

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,4% milli maí og júní samkvæmt nýbirtum tölum Hagstofunnar. Mest áhrif milli mánaða hafði reiknuð húsaleiga sem hækkaði um 2,9% (+0,56% áhrif), bensín og olíur sem hækkuðu um +10,4% (+0,39% áhrif) og matarkarfan sem hækkaði um +0,8% (+0,11% áhrif). Ársverðbólgan mælist núna 8,8% og hefur ekki mælst hærri síðan í október 2009.



Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 1,1% milli mánaða og mælist verðbólga um 6,5% á þann mælikvarða.

Svipað og við áttum von á

Í verðbólguþáttum sem við birtum í verðkönnunarvikunni spáðum við því að vísitalan myndi hækka um 1,3% milli maí og júní. Stuttu seinna birti Þjóðskrá vísitölu íbúðaverðs sem hækkaði nokkuð meira milli mánaða en við áttum von á. Við hækkuðum því verðbólguþáttum í 1,4% milli mánaða og var verðmælingin því í fullu samræmi við uppfærða spá okkar.

Að þessu sinni var enginn undirliður sem kom verulega á óvart. Bensín og olíur og föt og skór hækkuðu meira en við áttum von á, matarkarfan og flugfargjöld til útlanda hækkuðu aftur á móti minna en við áttum von á.

Það er ekkert í þessum tölum sem breytir skoðun okkar á framvindu næstu mánaða. Við eigum von á að verðbólgan fari hæst í 9,5% í ágúst og hjaðni rólega upp úr því.





Húsnæði og bensín útskýra meira en helming af ársverðbólgunni

Ársverðbólgan hækkaði um 1,2 prósentustig milli maí og júní. Framlag húsnæðis til ársverðbólgu hækkaði um 0,5 prósentustig og framlag bensíns hækkaði um 0,4 prósentustig. Þessir tveir liðir skýra 70% af 1,2 prósentustiga hækkun verðbólgunnar milli maí og júní 55% af ársverðbólgunni.

Húsnæðisverð hækkar enn mikið

Reiknuð húsaleiga, sem endurspeglar kostnað við að búa í eigin húsnæði, hækkaði um 2,9% milli mánaða en við höfðum spáð 2,8% hækkun og studdumst þar meðal annars við nýjar tölur frá Þjóðskrá sem sýndu mikla hækkun á verði íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu milli mánaða í maí eða 3,0%. Samkvæmt mælingum Hagstofunnar hækkaði íbúðaverð um 3,2% milli mánaða í júní, en stuðst er við þriggja mánaða hlaupandi meðaltal úr kaupsamningum á landsvísi. Áhrif vaxtaliðsins voru síðan neikvæð um 0,3 prósentustig, en Hagstofan lítur eingöngu til vaxta á verðtryggðum íbúðalánnum. Þeir lækkuðu nokkuð í desember og eru áhrifin af þeirri lækkun enn að koma fram í vaxtaliðnum. Samanlagt mældist hækkun á reiknaðri húsaleigu upp á 2,9%. Við teljum að hægja muni á hækkunum á íbúðamarkaði á næstu mánuðum og þar með verði áhrifin minni á verðbólgu þegar frá líður.


Veruleg hækkun á bensíni

Dæluverð á bensíni og olíum hækkaði um +10,4% milli mánaða í júní sem skýrist af mikilli hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu. Tunnan af Brent-Norðursjávarolíu var komin í um 130 USD/fatið í verðkönnunarvikunni. Síðan þá hefur verðið lækkað aðeins og er núna rétt undir 120 USD/fatið.

Það kostar sama að fljúga til útlanda og 2019

Flugfargjöldin hækkuðu um 4,4% sem var minna en við áttum von á. Verð á flugi til útlanda er nú um 1% lægri en í júní 2019, en flugfargjöld til útlanda hafa fylgt eftir þróuninni 2019. Það sem af er ári hefur verðmæling Hagstofunnar á flugi til útlanda ekki vikið meira en 3% frá 2019 gildunum. Eftir því sem líður á árið eigum við von á að flugmiðinn til útlanda hækki miðað við 2019 vegna hærri eldsneytiskostnaðar og aukinnar eftirspurnar.

Valdir útgjaldaliðir




Heimild: Macrobond

Heimsmarkaðsverð á olíu (Brent)



Heimild: Macrobond

Reiknuð húsaleiga



Heimild: Macrobond





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.